

ÁRSSKÝRSLA KVÍSLARSKÓLA 2021-2022

Ársskýrsla Kvíslarskóla 2021 – 2022

Kvíslarskóli stofnaður haustið 2021

Þann 1. ágúst 2021 var Varmárskóla skipt í tvo skóla og er Kvíslarskóli nafnið á eldri deildinni á meðan Varmárskólanafnið fylgir yngri deildinni.

Efnt var til nafnasamkeppni fyrir skólann sem 7. - 10. bekkur tilheyrir. Fjöldi nafna bárust og skipuð var nafnanefnd til að vinna úr tillögum að nafni og leggja til við bæjarráð þá tillögu sem varð hlutskörpust. Nafnanefndin setti sér starfsreglur og fundaðir tvisvar sinnum. Að lokum stóð eitt nafn eftir, Kvíslarskóli, en sjö tillögur bárust þar sem þetta nafn var lagt til og komu þær frá 7. GÁS og 10. KÁ í Varmárskóla, Ragnheiði Ríkharðsdóttur, Óðni Pétri Vigfússyni, Einari Jóhannessyni, Jóhönnu Magnúsdóttur og Krista Glan.

Vinnan þetta skólaárið hefur að stórum hluta verið helguð endurskoðun allra gagna skólans. Vinnan er vel á veg komin en margt enn í vinnslu.

Gildi og merki skólans valin út frá hugmyndum á nemendapingi

Nemendaping var haldið í ágúst þar sem unnið var að hugmyndum að nýjum gildum skólans, skólareglurnar voru endurskoðaðar og skólabragurinn ræddur. Einnig var unnið með hugmyndir að merki skólans.

Nemendur og starfsmenn Kvíslarskóla komu sér svo saman um gildi skólans í nóvember 2021 en þau eru:

- Virðing
- Ábyrgð
- Þrautseigja

Þær Rakel Gróa Gunnarsdóttir og Sigrún Hanna Ómarsdóttir Löve namar í grafískri hönnun, tóku að sér að vinna merki Kvíslarskóla.

Við úrvinnsluna skoðuðu þær stöllur þemu sem komu endurtekið fram í teikningum nemenda og starfsfólks. Þær lögðu svo fram nokkrar tillögur sem tengdust myndmáli úr náttúrunni: laufblöðum, blómum landslagi og vatni.

Tekin var ákvörðun um að vinna áfram með K sem vísar í upphafsstaf skólans. Merkið sem var valið, vísar í myndmálið: umhverfi skólans, árnar Kvöldukvísl og Varmá og stráíð Fitjasef sem er friðað á svæðinu.

Kynningarfundir að hausti

Árlegir kynningarfundir voru haldnir fyrir foreldra í september þar sem farið var yfir áherslur í skólastarfinu, skólareglurnar og ástundun námsins. Boðið var upp á rafræna fundi að þessu sinni. Þrjú fundir voru haldnir. Einn fyrir foreldra nemenda í 7. bekk, einn fyrir foreldra í 10. bekk og sameiginlegur fundur fyrir foreldra í 8. og 9. bekkjum.

Stofnfundur foreldrafélags Kvíslarskóla

Stofnfundur foreldrafélags Kvíslarskóla var haldinn þriðjudaginn 21. september 2021.

Eftirtaldir voru kosnir í stjórn:

- Dagný Kristinsdóttir formaður
- Ólafía Dögg Ásgeirsdóttir, ritari og varaformaður
- Katrín Björk Baldvinsdóttir gjaldkeri
- Inga Lilja Lárusdóttir og Magano Katarina Shiimi meðstjórnendur

Flipp flopp verður til

Húsnæði skólans býður ekki upp á mikla möguleika á teymiskennslu en okkur langaði til að prófa okkur áfram með eigin útgáfu af því. Þegar skólinn fór frá því að vera Varmárskóli – eldri deild yfir í Kvíslarskóla þá ákváðum við að nýta tækifærið og endurskoða kennsluna og skólabraginn og gera tilraun með að gera endurbætur til að efla nýjan unglingaskóla í bænum.

Kennararnir tóku vel í þessar þælingar og höfðu mikinn áhuga á að færa sig frá hefðbundinni bókakennslu yfir í nútímalegri kennsluhætti með samþættingu námsgreina, fjölbreyttum verkefnum og verkefnaskilum. Aðalnámskrá var nýtt í öll verkefni og lykilhæfni grunnskólanna. Hvert Flipp flopp þurfti þannig að hafa markmið sem tengdist lykilhæfni grunnskólanna.

Flipp flopp dagar voru haldnir í:

1. Ágúst- samfélagsfræði - nemendaping
2. September – náttúrufræði
3. Október – Tungumálin
4. Nóvember – Verkgreinar
5. Desember - betri skólabragur (Pay ti forward). Ýmislegt hefur verið gert til að efla skólabraginn. Í desember vorum við með verkefni tengt betri skólabrag. Farið var í leikskóla og í heimsókn til eldri borgara þar sem nemendur létu gott af sér leiða, spjölluðu og spiluðu.
6. Febrúar/mars – samfélagsfræði
7. Maí – íþróttir

Uppeldi til ábyrgðar

Kvíslarskóli heldur áfram að innleiða uppbyggingarstefnuna „Uppeldi til ábyrgðar“. Þar er lögð áhersla á að kenna nemendum á sjálfstjórn og sjálfsaga og þjálf þá í jákvæðum samskiptum. Unnið var eftir ákveðnum kennsluáætlunum í hverjum árgangi og þær aðlagaðar að skólastarfi Kvíslarskóla.

Dagur gegn einelti

Á degi gegn einelti, 8. nóvember, dönsuðum við gegn einelti. Það hefur skapast hefð í skólanum að dansa gegn einelti í íþróttahúsinu þennan dag. Þann dag voru einnig hengd upp friðarljós í allar kennslustofur sem lýsa fallega upp skammdegið og nemendur horfðu á stutt fræðslumyndbönd:

Fjölbreyttir viðburðir

Í september fékk 7. bekkur fræðslu um handritaarfinn. Arndís Þórarinsdóttir rithöfundur kom á vegum Stofnunar Árna Magnússonar.

Í nóvember fengum við Sylvíu Erlu Melsted til okkar með fyrirlestur fyrir nemendur um lesblindu og námsörðugleika. Hún talaði við nemendur í 8.-10. bekk á sal. Hún náði einstaklega vel til nemenda sem hlustuðu af áhuga um mikilvægi þess að gefast ekki upp og að allir geti fundið sýnar leiðir til þess að læra, líka þeir sem glíma við erfiðleika í lestri. Það var mikil ánægja með fyrirlesturinn meðal nemenda og starfsfólks Kvíslarskóla.

7. bekkur fékk rithöfundaheimsókn undir yfirskriftinni *Skáld í skólum* þann 5. nóvember. Rithöfundarnir Kristín Ragna Gunnarsdóttir og Sverrir Norland komu í heimsókn með fyrirlesturinn „*Hvaðan koma allar þessar sögur*“?

9. nóvember fékk 9. bekkur rithöfundaheimsókn. Þá komu rithöfundarnir Bragi Páll Sigurðarson og Bergþóra Snæbjörnsdóttir með dagskrána „*Að skrifa til að lifa*“! og fjölluðu um dagbókaskrif en sú dagskrá fellur einnig undir *Skáld í skólum*.

16. nóvember kom Þorgrímur Þráinsson með fyrirlestur sinn fyrir 10. bekkinga *Við erum ástfangin af lífinu*.

Dönskukennarar skólans hafa undanfarin ár staðið fyrir vali í 9. og 10. bekk *Ungt fólk og Danmörk*. Nemendur og kennarar frá Danmörku komu í heimsókn 3.-8. september og nemendur og dönskukennarar skólans fóru til Danmerkur 1.-6. maí. Mikil ánægja var með skipulagið í báðum löndum og kennararnir okkar, Thelma og Kristjana eiga svo sannarleg hrós skilið fyrir utanumhaldið.

Nemendaferðir eru árlegur viðburður. Að þessu sinni fóru 7.8 og 9. bekkur í Vatnaskóg og 10. bekkur í útskriftarferð á Suðurlandið.

Þetta er aðeins brot af þeim fjölbreyttu viðburðum sem nemendum skólans var boðið upp á þetta skólaárið.

Stærðfræðikeppnir

Haldnar hafa verið tvær stærðfræðikeppnir sem Kvíslarskóli hefur tekið þátt í, stærðfræðikeppni í MR og stærðfræðikeppni Borgarholtsskóla. Að vanda stóðu nemendur sig vel í báðum keppnunum.

Stóra upplestrarkeppnin

Lokahátíð Upplestrarkeppni grunnskólanna í Mosfellsbæ fór fram fimmtudaginn 24. mars við hátíðlega athöfn í Helgafellsskóla. Þátttakendur voru nemendur í 7. bekkjum Helgafellsskóla, Lágafellsskóla og Kvíslarskóla. Að þessu sinni fór Kvíslarskóli með sigur af hólmi en Victoria Líf Pedro í 7. VRB hlaut fyrstu verðlaun. Í öðru sæti varð Elín Adríana Biraghi í 7. BBR einnig úr Kvíslarskóla. Í þriðja sæti varð Halldór Ingi Kristjánsson úr Lágafellsskóla. Aðrir keppendur Kvíslarskóla voru Lena Amirsdóttir Mulamuhic í 7. ES og Hólmfríður Lea Elíasdóttir í 7. VRB og stóðu þær sig allar með miklum sóma.

Á hátíðinni var einnig ljóðalestur á pólsku og swahili þar sem Hawadia Martin Peter frá Kenía og nemandi Kvíslarskóla flutti ljóð á swahili með glæsibrag.

Framhaldsskólasamstarf

Í Kvíslarskóla er reynt eftir megni að kynna 10. bekkjum þær námsleiðir sem til boða standa að loknum grunnskóla. Námsráðgjafi skipuleggur þá kynningu í samráði við deildarstjóra unglíngastígs. Árlega er nemendur boðið í FMOS, þar sem farið er yfir starfsemi og brautir skólans svo og inntökuskilyrði. Námsráðgjafi er í reglulegu sambandi við námsráðgjafa annarra framhaldsskóla til að geta sem best upplýst nemendur Kvíslarskóla um allt sem þarf að vita um starfsemi þeirra. Á hverju ári stunda nokkrir nemendur fjarnám í tungumálum og stærðfræði til dæmis við Fjölbrautaskólann Ármúla.

Lokaverkefni 10. bekkja

Sú hefð hefur skapast í skólanum að nemendur í 10. bekk vinni að lokaverkefni í nokkra daga áður en lagt er upp í lokaferðina.

Þema lokaverkefnisins vorið 2022 var "Störf" og var nemendum gefinn kostur á að fara í starfskynningu fyrir utan skóla. Þeir unnu verkefni og undirbjuggu lokasýningu fyrir samnemendur, starfsfólk og foreldra sem að þessu sinni var 25. maí.

Starfskynningarnar eru hluti af náminu og velja nemendur sér fyrirtæki í þeim tilgangi að kynnast starfsháttum þess, bæði til fróðleiks og ánægju. Markmiðið með starfskynningunni er að kynna nemendum hina ýmsu atvinnumöguleika sem í boði eru, ýta undir áhuga þeirra á námi og hvers skonar þekkingarleit og víkka sjóndeildarhringinn.

Nemendur voru hvattir til að kynna sér **starf sem snýr að tækni, iðn- verk- og/eða listgreinum** og setja sig í samband við fyrirtæki sem þau höfðu áhuga á að heimsækja.

Það er samróma álit starfsfólks skólans að lokasýningin hafi farið vel fram. Krakkarnir voru upp til hópa kurteisir, tóku áhugasamir og brosandi á móti gestum sínum og virtust eiga svör við spurningum sem beint var til þeirra. Þá var ánægjulegt að heyra um framtíðaráform þeirra því þau virðast flest eiga sér háleit markmið varðandi nám og störf.

Útskrift 10. bekkja og skólaslit

Skólaslitum og útskrift 10. bekkja var flýtt vorið 2022 vegna viðgerða á skólanum. Útskrift 10. bekkja var haldin við hátíðlega athöfn í FMOS 2. Júní og skólaslitin voru í skólanum 3. júní. Síðustu dagana var starfsfólki gert að vinna heima vegna framkvæmda við skólabygginguna og eftir það var haldið í langþráð sumarfrí.